


Hækkun mest milli III. og IV. ársfjórðungs, 15,08 %

### Greiðslur húsaleigubóta á árinu 2003

Heildargreiðslur sveitarfélaga á húsaleigubótum á árinu 2003 námu 1.240,5 m.kr. Hlutdeild Jöfnunarsjóðs í þeirri greiðslu var 542,1 m.kr. eða um 43,7%. Auk þess greiddi Jöfnunarsjóður á árinu 4,1 m.kr. til sveitarfélaga vegna leiðréttinga þeirra á greiðslum á húsaleigubótum frá fyrri árum. Samtals nam því greiðsla Jöfnunarsjóðs um 546,2 m.kr. á árinu.

Á IV. ársfjórðungi 2003 námu greiðslur sveitarfélaga á húsaleigubótum samtals 352,0 m.kr. Um verulega hækkun var að ræða frá III. ársfjórðungi eða um 15,08% en þá námu greiðslur sveitarfélaga samtals 305,8 m.kr. Langmesta hækkunin á greiðslum sveitarfélaga á árinu 2003 var því á milli III. og IV. ársfjórðungs eins og reyndin hefur verið síðustu ár.




### Áætlanir og rauntölur sveitarfélaganna árið 2003

Þegar árið 2003 er skoðað í heild sinni með tilliti til áætlana sveitarfélaga um greiðslur annars vegar og rauntalna hins vegar er eftirtektarvert að mest ber á milli á IV. ársfjórðungi en þá gerðu sveitarfélögin ráð fyrir að greiða 304,9 m.kr. í húsaleigubætur en reyndust síðan greiða 352,0 m.kr. Þarna eru frávikin um 15,5%. Þegar á heildina er litið kemur árið 2003 þó vel út hvað áætlanagerð sveitarfélaganna varðar, með um 6,6% frávík í samanburði við árið 2002 þar sem frávikin voru um 10,5%. Hugsanlega má rekja frávikin á árinu 2002 að einhverju leyti til þess að sveitarfélögin hafi ekki gert sér fyllilega grein fyrir áhrifum lagabreytinga um aukinn bótarétt sem tóku gildi um mitt ár 2001.


Vandaðri áætlanagerðir frá sveitarfélögum

Hækkun húsaleigubóta um 30,4% á milli ára



### Samanburður á greiðslum sveitarfélaga árin 2002 og 2003

Þegar árin 2002 og 2003 eru borin saman má sjá mikla hækkun á greiðslum sveitarfélaga á húsaleigubótum. Greiddar húsaleigubætur á I. ársfj. 2002 voru 206,0 m.kr. m.v. verðl. 2003, en voru 284,8 m.kr. á I. ársfj. 2003. Um 38,2% hækkun á milli ára er þar að ræða. Umtalsverða hækkun má einnig sjá á hinum ársjórðungunum. Á II. ársfj. er um 33,6% hækkun að ræða, á III. ársfj. um 27,2% og á IV. ársfj. um 24,7%. Á milli árunna hafa greiðslur aukist samtals um 30,4%.




Meðaltal húsaleigu tekur mið af greiðslum bótaþega

### Húsaleiga að meðaltali á mánuði á árinu 2003

Þegar meðaltal húsaleigu, sem bótaþegar greiða á mánuði, er skoðað á árinu 2003 kemur í ljós að bótaþegar greiða hæstu húsaleiguna á almennum markaði eða að meðaltali um 41.510 kr. á mánuði. Lægsta húsaleigan að meðaltali á mánuði er á sambýlum eða um 19.258 kr. Það skal þó tekið fram að leigufjárhæðir þessar gefa ekki

heildarmynd af leigumarkaðnum á Íslandi þar sem hér er einungis verið að reikna út meðaltal greiðslna hjá þeim sem njóta húsaleigubóta.




## Áætlanir um greiðslur húsaleigubóta 2004


### Áætlanir sveitarfélaga

Sveitarfélög skiluðu inn áætlunum um greiðslur húsaleigubóta á árinu 2004 þann 1. desember 2003. Þar kemur fram að í samanburði við greiðslur sveitarfélaga á húsaleigubótum á árinu 2003 muni verða allt að 15,9% hækkun á greiðslum bótanna á árinu 2004 eða fara úr 1.240,5 m.kr. árið 2003 í 1.438,0 m.kr. á árinu 2004.

Áætluð 15,9% hækkun á greiðslum húsaleigubóta



Áætlað greiðsluhlutfall  
Jöfnunarsjóðs 40%



### Greiðsluhlutfall Jöfnunarsjóðs árið 2004

Eins og fram kemur í samkomulagi ríkis og sveitarfélaga frá 4. desember 2002 hafa húsaleigubætur verið verkefni sveitarfélaga frá árinu 1998 og verið fjármagnaðar af þeim og Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Á grundvelli breytinga á lögum um tekjustofna sveitarfélaga er gerðar voru í kjölfar samkomulagsins nemur árlegt ráðstöfunarfé Jöfnunarsjóðs til greiðslu bótanna allt að 11,5% af lögbundnu framlagi frá ríki af innheimtum skatttekjum ríkissjóðs. Áætlað ráðstöfunarfé sjóðsins til greiðslu bótanna á árinu 2004 nemur um 578.6 m.kr. Heildaráætlanir sveitarfélaga um greiðslur húsaleigubóta eru um 1.438.0 m.kr. Áætlað greiðsluhlutfall Jöfnunarsjóðs á árinu 2004 er því um 40.0%

### Greiðslur húsaleigubóta frá árinu 1998

Ljóst er að sívaxandi eftirspurn hefur verið eftir húsaleigubótum frá því að lög um húsaleigubætur tóku gildi 1995. Kemur þar margvíslegt til, aukið framboð leiguhúsnæðis, afnám skattskyldu bótanna og rýmkun bótaréttar svo eitthvað sé nefnt. Mesta hækkun sem orðið hefur á greiðslu bótanna var á milli árána 2002 og 2003 en þar var hækkunin um 30,3%. Gert er ráð fyrir að hækkun á greiðslum húsaleigubóta á milli árána 2003 og 2004 muni nema um 15,9%.

